Gervigreindin

Vonast er til þess að nýtt gervigreindarverkefni meðal grunnskólakennara komi til með að aðstoða börn af erlendum uppruna að læra íslensku, aðstoða kennara við gerð námsefnis, auðvelda kennurum að aðlaga námefni að getustigi nemenda og efla íslenska tungu og menningu.

Þetta segir Guðmundur Ingi Kristinsson, mennta- og barnamálaráðherra, í samtali við mbl.is. Í gær var tilkynnt um nýtt þróunarverkefni um nýtingu gervigreindar í íslensku skólastarfi. Hátt í 600 kennarar taka þátt í verkefninu sem á að móta notkun gervigreindar í skólastarfi til framtíðar.

Guðmundur segir að með þessu séu stjórnvöld að stíga mikilvægt skref í átt að tæknilausnum í skólastarfi. Hann segir að ekki berist að óttast notkun gervigreindar í skólastarfi, hvorki meðal nemenda né kennara.

Hvernig mun notkun gervigreindar í skólastarfi koma til með að aðstoða við að leysa úr stöðu menntakerfisins? Eins og hefur verið fjallað um er Ísland langt undir meðaltali í PISA meðal annars.

„Ég vona bara á allan hátt, við þurfum auðvitað að taka okkur á og það er það sem við erum að gera. Þess vegna erum við að leggja fram öll þessi frumvörp og taka þátt í svona hlutum því við þurfum að lyfta kerfinu upp. Það er til dæmis rosaleg áskorun að við erum með 30% barna af erlendum uppruna, þetta er kannski eitt af þeim tækjum sem geta aðstoðað við það. Síðan þarf líka að taka á, og við erum að gera það, að efla að tæki og tól til að efla lesskilninginn," segir Guðmundur Ingi.

Í síðustu aðalnámskrá, sem var birt í október í fyrra, var kveðið á um að kenna bæri börnum „ábyrga notkun gervigreindar" til upplýsingaöflunar. Flestir skólar hafa því hafið að kenna nemendum frá 7. bekk á notkun gervigreindar en þeir hafa nokkuð frjálsar hendur til þess.

Kennarar sem mbl.is hefur rætt við hafa kallað eftir því að menntayfirvöld komi með frekari leiðbeiningar um hvernig beri að kenna á notkun gervigreindar, til að samræma kennsluhætti milli skóla, hvaða forrit skuli nota og hvernig megi nýta hana.

Spurður út í þessa gagnrýni og hvenær stjórnvöld hyggjast bregðast við segir Guðmundur að það verði skoðað þegar kennarar eru búnir að prófa sig áfram með notkun gervigreindar, sem áætlað er að verði í febrúar.

Finnst þér ekkert varhugavert við það að krakkar fari að nýta sér gervigreind í skólastarfi og mögulega leitist í svör þaðan frekar en að styðja sig við kennslubækur til dæmis?

„Ég hef alveg fulla trú á því að kennarar muni kortleggja það hvernig er best að gera þetta og þeir munu finna út hvernig þetta nýtist krökkunum sem best. En á sama tíma þarf að varast allar hættur. Ég held að við getum bara tekið þetta eins og þegar tölvurnar komu, þær áttu allt til þess að gera allt ómögulegt og rústa öllu kerfinu. Ég held að það gildi það nákvæmlega sama um þessa tækni. Við þurfum að læra að nota þessa tækni barnanna til góðs," segir ráðherrann.

Spurður hvort hann sjái ekkert varhugavert við það að kennarar fari að reiða sig á gervigreind í auknum mæli segir Guðmundur svo ekki vera.

„Ég treysti því að kennarar fari ekki að nota gervigreind í illum tilgangi," segir hann.

Í tilkynningunni frá ykkur um verkefnið er talað um að þetta verkefni komi til með að efla íslensku og menningu, hvernig lítur það út?

„Það lítur bara vel út vegna þess að þetta verður matað allt á íslensku. Þú getur stóraukið orðaforða á íslensku og þetta er snilld fyrir börnin okkar fyrir lestur og lesskilning svo þetta skiptir rosalega miklu máli," segir Guðmundur.

Segir að ekki eigi að óttast gervigreind í skólum



Guðmundur segir að ekki berist að óttast notkun gervigreindar í skólastarfi, hvorki meðal nemenda né kennara. *Samsett mynd/mbl.is/Ólafur Árdal/Colourbox*

Ekki verður brugðist við gagnrýni kennara um skort á leiðbeiningum um kennslu á gervigreind fyrr en á næsta ári, þegar kennarar verða búnir að prófa sig áfram.

Þetta segir Guðmundur Ingi Kristinsson, mennta- og barnamálaráðherra, sem hefur fulla trú á að kennarar muni kortleggja hvernig sé best að gera þetta.

Hann segir að ekki eigi að óttast notkun gervigreindar í skólastarfi, hvorki meðal nemenda né kennara.

Þvert á móti vonar hann að nýtt gervigreindarverkefni meðal grunnskólakennara, sem kynnt var í gær, komi til með að aðstoða börn af erlendum uppruna að læra íslensku, aðstoða kennara við gerð námsefnis, geri kennurum kleift að aðlaga námsefni að getustigi nemenda og efla íslenska tungu og menningu.

Hátt í 600 kennarar taka þátt í verkefninu sem á að móta notkun gervigreindar í skólastarfi til framtíðar.

Guðmundur Ingi segir að með þessu séu stjórnvöld að stíga mikilvægt skref í átt að tæknilausnum í skólastarfi.

Frétt af mbl.is
Óskýr menntastefna Íslands

Frétt af mbl.is
Hver er menntastefna íslenskra stjórnvalda?

Efla tæki og tól til að efla lesskilninginn

Hvernig mun notkun gervigreindar í skólastarfi koma til með að aðstoða við að leysa úr stöðu menntakerfisins? Eins og hefur verið fjallað um er Ísland langt undir meðaltali í PISA meðal annars.

„Það er það sem við vonumst til að komast að meðal annars út frá endurgjöf frá kennurunum sem taka þátt í verkefninu. Við þurfum auðvitað að taka okkur á og það er það sem við erum að gera. Þess vegna erum við að leggja fram öll þessi frumvörp og taka þátt í svona hlutum því við þurfum að lyfta kerfinu upp," segir ráðherrann.

„Það er til dæmis rosaleg áskorun að við erum með 30% barna af erlendum uppruna, þetta er kannski eitt af þeim tækjum sem geta aðstoðað við það. Síðan þarf líka að taka á, og við erum að gera það, að efla að tæki og tól til að efla lesskilninginn."

Frétt af mbl.is
600 íslenskir kennarar spreyta sig á gervigreind

Vilja skýrari leiðbeiningar

Í síðustu aðalnámskrá, sem var birt í október í fyrra, var kveðið á um að kenna ætti börnum „ábyrga notkun gervigreindar" til upplýsingaöflunar.

Flestir skólar hafa því hafið að kenna nemendum frá 7. bekk á notkun gervigreindar en þeir hafa nokkuð frjálsar hendur til þess.

Kennarar sem mbl.is hefur rætt við hafa kallað eftir því að menntayfirvöld komi með frekari leiðbeiningar um hvernig beri að kenna notkun gervigreindar, til að samræma kennsluhætti milli skóla, hvaða forrit skuli nota og hvernig megi nýta hana.

Spurður út í þessa gagnrýni og hvenær stjórnvöld ætli að bregðast við segir Guðmundur að það verði skoðað þegar kennarar eru búnir að prófa sig áfram með notkun gervigreindar, sem áætlað er að verði í febrúar.

Frétt af mbl.is
Sjö málstofur í kjölfar PISA en lítið hefur gerst

Treystir því að kennarar noti ekki tæknina í illum tilgangi

Finnst þér ekkert varhugavert við það að krakkar fari að nýta sér gervigreind í skólastarfi og mögulega leitist í svör þaðan frekar en að styðja sig við kennslubækur til dæmis?

„Ég hef alveg fulla trú á því að kennarar muni kortleggja það hvernig er best að gera þetta og þeir munu finna út hvernig þetta nýtist krökkunum sem best. En á sama tíma þarf að varast allar hættur. Ég held að við getum bara tekið þetta eins og þegar tölvurnar komu, þær áttu allt til þess að gera allt ómögulegt og rústa öllu kerfinu. Ég held að það gildi það nákvæmlega sama um þessa tækni. Við þurfum að læra að nota þessa tækni barnanna til góðs," segir ráðherrann.

Spurður hvort hann sjái ekkert varhugavert við það að kennarar fari að reiða sig á gervigreind í auknum mæli segir Guðmundur svo ekki vera.

„Ég treysti því að kennarar fari ekki að nota gervigreind í illum tilgangi," segir hann.

Frétt af mbl.is
Getur verið „bölvaður lygari"

Lítur vel út

Í tilkynningunni frá ykkur um verkefnið er talað um að þetta verkefni komi til með að efla íslensku og menningu, hvernig lítur það út?

„Það lítur bara vel út vegna þess að þetta verður matað allt á íslensku. Þú getur stóraukið orðaforða á íslensku og þetta er snilld fyrir börnin okkar fyrir lestur og lesskilning svo þetta skiptir rosalega miklu máli," segir Guðmundur.

Mennta- og barnamálaráðuneytið er í samstarfi við Anthropic og Google í verkefninu og fá kennararnir aðgang að gervigreindartólum fyrirtækjanna. Þegar verkefninu lýkur í febrúar verður unnið að viðmiðum um notkun gervigreindar í skólastarfi út frá niðurstöðunum.

Frétt af mbl.is
Ungmenni áhyggjufull vegna aðgerðaleysis ráðherra

Fáðu fréttabréf Netfang
Daglegt fréttabréf Morgunblaðsir